

Fimmtudaginn 16.mars 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 11/2023.

HRFÍ

gegn

xxx

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 5.desember 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærða hafi gerst brotleg við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 21.03.2022 kom í ljós að Miniature Schnauzer tíkin xxx var ekki komin með DNA niðurstöður fyrir PRA-B fyrir pörun. Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er xxx

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram að MINIATURE SCHNAUZERE undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. DNA prófa skal vegna PRA-B. Lágmarksaldur við pörun er 20 mánuðir.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 25.janúar 2023 og henni gefin fjögurra vikna andmælafrestur, andmæli bárust frá kærðu,þar kemur fram að ekki hafi verið um viljaverk að ræða heldur vanþekkingu á reglum. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að hafa parað Miniature Schnauzer tíkina xxx án þess að DNA niðurstöður hafi legið fyrir úr PRA-B fyrir pörun

#### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

#### IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða hlýtur áminningu.

f.h. siðanefndar

---

Arnheiður Runólfsdóttir

---

Sunna Birna Helgadóttir

---

Selma Olsen